

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. júní 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Baldur Jónsson.

REGLUGERÐ**um styrki og lán til greiðslu námskostnaðar fatlaðra.**

1. gr.

Heimilt er að veita fötluðum 16 ára og eldri styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga og reglugerða.

Með námskostnaði er hér átt við:

1. Greiðslur til framfærslu meðan á námi stendur.
2. Greiðslur vegna almenns útlagðs námskostnaðar vegna námsgagna og námskeiðs- og/eða skólagjalda.
3. Greiðslur vegna sérstaks útlagðs námskostnaðar, sem tengist fötlun, s. s. vegna sérstakra námsgagna, sem nauðsynleg eru vegna fötlunar.

Heimild til greiðslu, skv. 2. og 3. tl., verður því aðeins beitt, að ljóst sé, að samsvarandi kostnaður verði ekki greiddur skv. öðrum lögum og reglugerðum, s. s. skv. lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki og reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu. Sama á við þegar lög nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum eiga í hlut, sbr. t. d. ákvæði þeirra laga um hjálpartæki.

Eigi umsækjandi rétt á námsláni eða styrk skv. lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki (Lánasjóður ísl. námsmanna), er einungis heimilt að veita honum aðstoð skv. lið nr. 3.

Eigi umsækjandi engan rétt til láns eða styrks úr Lánasjóði ísl. námsmanna, er heimilt að veita honum aðstoð skv. tölulíðum 1—3 eftir því sem við á, sbr. og 2. mgr.

2. gr.

Aðstoð skv. 1. gr. skal veitt með eftirfarandi hætti:

1. Með láni eða styrk vegna 1. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar.
2. Með styrk vegna 2. og 3. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Umsóknir um styrk eða lán vegna námskostnaðar skulu berast svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa og svæðisstjórnir afhenda, ásamt ítarlegri greinargerð og áætlun um námið, þar sem m. a. komi fram tilgangur náms, námstími og áætluð námslok svo og upplýsingar um tekjur og fjölskyldustærð.

Svæðisstjórn sendir tillögur sínar, þar sem m. a. kemur fram rökstuðningur, tillaga hvort um styrk eða lán sé að ræða og tillaga um fjárhæð til félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvörðun í málinu.

4. gr.

Við ákvörðun á fjárhæð styrks eða láns til framfærslu, skv. 1. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal við það miðað, að styrkur eða lán ásamt öðrum tekjum umsækjanda nemi samanlagt allt að lögbundnum eða samningsbundnum lágmarkslaunum, eins og þau eru á hverjum tíma í landinu. Með tekjum er hér m. a. átt við greiðslur (beinar peningagreiðslur til bótaþega), skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, að undanskildum barnalífeyri. Meðlag með barni telst og ekki til tekna í þessu sambandi.

Félagsmálaráðuneytið sér um útborgun lána og styrkja.

5. gr.

Styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sbr. 2. gr., skal miða við tiltekinn tíma hverju sinni, s. s. önn eða skólaár eða tiltekið námskeið. Félagsmálaráðuneytið metur hver sé eðlileg framvinda náms hverju sinni í samræði við viðkomandi skóla.

6. gr.

Svæðisstjórn skal fylgjast með því að ákvæðum reglugerðar þessarar varðandi námskostnað sé fylgt. Svæðisstjórn getur krafðið hlutadeigandi styrk- eða lánþega um nauðsynleg vottorð til staðfestingar á náminu og námslokum.

7. gr.

Svæðisstjórn skal árlega áætla útgjöld vegna námskostnaðar við gerð fjárlagatillagna sinna.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um vexti af lánnum, sbr. 2. gr., og gildir sú ákvörðun til eins árs í senn. Við þá ákvörðun skal höfð hliðsjón af þeim vöxtum, sem tryggingaráð, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, ákvarðar hverju sinni vegna lána til bifreiðakaupa örorkulífeyrisþega.

Félagsmálaráðuneytið ákvarðar lánstíma með hliðsjón af fjárhæð láns og aðstæðum lánþega hverju sinni.

Árleg endurgreiðsla láns skal ekki vera hærri en $\frac{1}{10}$ hluti af því, sem árgreiðsla örorkulífeyris og tekjutryggingar, skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, nema á því sama ári.

9. gr.

Rísi ágreiningur um lán/styrkveitingar svo og endurgreiðslur sker stjórnarnefnd úr um, en vísa má úrskurði hennar til ráðherra.

Reglugerð þessi er sett skv. 19. gr. 3. tl. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1985.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.